


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Lífsleikni (LÍFS1SN02, LKN192/9S2)	
	Námsáætlun (haust 2016)	

Kennari	Anna Lilja Harðardóttir, Guðrún Ásta Guðjónsdóttir, Helga Jónasdóttir, Hinrik Þórhallsson, Hrafnhildur S Sigurgeirsdóttir, Íris Ragnarsdóttir, Ólafur H. Björnsson, Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir, Sólveig Þóra Jónsdóttir, Svanlaugur Jónasson, Valgerður Jónsdóttir	Sk.st.	ALH, GÁS, HEL, HPÓ, HRS, ÍRA, ÓLB, RGU, SÓL, SVJ, VAL
----------------	---	---------------	---

Áfangalýsing:

Markmið áfangans er að kynna nemandanum innviði skólans, námsval, starfshætti, nám og félagslíf. Nemandinn er búinn undir þátttöku í samfélaginu með því að efla félagslega færni og siðferðiskennd. Lögð er áhersla á að efla samskipti og jákvæða lífssýn nemandans sem auðveldar honum að takast á við kröfur og ögranir daglegs lífs. Jafnframt er lögð áhersla á að gera hann meðvitaðan um þá ábyrgð sem hann hefur gagnvart sjálfum sér og skólasamfélaginu. Í áfanganum er stuðlað að styrkingu félagstengsla milli nemenda og þeir búnir undir að takast á við krefjandi nám og leggja þannig grunn að frjóu menntasamfélagi. Nemandinn eflist í að koma fram af virðingu við aðra í fjölbreyttu þjóðfélagi. Nemandinn fær tækifæri til að vinna við margvísleg viðfangsefni á fjölbreyttan og skapandi hátt. Um er að ræða verkefnabundið nám með áherslu á samvinnu og frumkvæði.

Markmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- kröfum sem gerðar eru í námi í framhaldskóla
- þýðingu þess að lifa í samfélagi við aðra
- framtíðarmöguleikum sínum
- mikilvægi markmiðasetningar og leiðum að settum markmiðum
- skólasamfélaginu, námsvali og stoðþjónustu

Leikniviðmið


Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- bera virðingu fyrir sjálfum sér
- sýna umburðarlyndi, samhyggð og virðingu fyrir öðrum
- tjá sig í töluðu og rituðu máli
- verða betur meðvitaður um sjálfan sig, áhugasvið sitt og styrkleika
- leita upplýsinga um nám sitt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- auka færni sína í mannlegum samskiptum
- meta eigin vinnubrögð
- bæta ákvörðunartöku í daglegu lífi
- taka þátt í samfélagi sem er í sífelldri þróun
- bera ábyrgð á eigin námi

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Lífsleikni (LÍFS1SN02, LKN192/9S2)	
	Námsáætlun (haust 2016)	

Námsgögn:

Ekki er notast við kennslubók í áfanganum

Ýmis verkefni og gögn frá kenpurum og fyrirlesurum um efnispætti sem farið er yfir.

Áætlun um yfirferð:

Upphaf annar	Töfluafhending, nýnemaferð, hópefli, bókasafn. Kynning á stoðþjónustu og stjórnendum skólans. Lögð fyrir könnun á námsumhverfi nemenda (Risk Detector).
Miðbik annar	Markmiðasetning og sjálfstyrking
Lok annar	Námsval, próf og prófundirbúningur
Öll önninn	Undirliggjandi alla önnina er þátttaka í félagslífi skólans. Klúbbakynningar, aðstoð við undibúning á viðburðum í skólanum. Kynna sér sögu skólans og ýmis önnur verkefni er tengjast skólanum og nærumhverfi hans. Fegnir verða utanaðkomandi fyrirlestrar um ýmis málefni sem snúa að daglegu lífi ungs fólks. Fylgst er með mætingum nemenda og gerðar athugasemdir við þær þegar þörf er á.

Verkefni:

Í vinnslu, unnið í samráði við kennara í áfanganum

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Virgni	Virgni nemenda felst í hversu vel þeir vinna verkefni sín og hversu mikið þeir taka þátt í verkefnum og umræðum kennslustunda	20%	
Skýrslur (2x15%)	Nemendur skrifa tvær skýrslur þar sem þeir gefa sitt álit á helstu viðburðum og efnistöfum áfangans og upplifun sinni.	30%	
Verkefnamappa	Nemendur halda sjálfir námsmöppu sem skal innihalda öll verkefni og dreifildi annarinnar auk námsáætlunar.	20%	
Þemaverkefni	Val nemenda með samþykki kennara	15%	
Sjálfsmat	Nemendur meta eigin virgni og þátttöku í áfanganum.	15%	
		Samtals:	100%
Annað: Ekki verður notaður hefðbundinn talnakvarði við mat á frammistöðu nemenda heldur fá nemendur annað hvort S (staðið) eða F (fall) í lok annar.			

Dagsetning: 23. ágúst 2016


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils